

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Frístundamiðstöðin Kringlumýri

Starfsáætlun 2018-2019



Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit Kringlumýrar	5
Hlutverk og gildi Kringlumýrar	6
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun.....	7
Stefnukort frístundahluta SFS 2018-2019	9
Stefnuþættir, markmið og leiðir 2018-2019.....	10
<i>Barnið/unglingurinn</i>	10
<i>Frístundastarfið</i>	12
<i>Mannauður</i>	14
<i>Bjargir</i>	15
Jafnréttisáætlun Kringlumýrar	16

Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir leiðarljósi sviðsins sem er: *Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.* Hlutverk starfsstaða sviðsins er að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum. Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs er að gefa börnum og ungmennum rík tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra í leik, námi, starfi og lífinu almennt.

Frístundamiðstöðin Kringlumýri stendur fyrir viðamiklu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi. Hjá Kringlumýri starfa um 350 starfsmenn í 162 stöðugildum. Starfsstaðir Kringlumýrar telja níu frístundaheimili og sex félagsmiðstöðvar. Starfsmannahópurinn samanstendur af einstaklingum með fjölbreytta menntun, ólíkan bakgrunn og viðamikla reynslu af starfi með börnum og unglingum. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg krefjast sérhæfingar og sérþekkingar.

Kringlumýri er þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra. Í þekkingarmiðstöðinni starfa þrír starfsmenn, verkefnisstjóri á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra og tveir ráðgjafarþroskaþjálfar. Þekkingarmiðstöðin er í fararbroddi varðandi vinnu og hugmyndafræði í málefnum fatlaðra. Hún miðlar reynslu og þekkingu til allra frístundamiðstöðva og upplýsir um alla þróun sem á sér stað í málaflokknum sem skiptir starfseminu máli. Þekkingarmiðstöðin heldur utan um veittan stuðning á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar ásamt því aðveita ráðgjöf inn á starfsstaði frístundastarfs. Megináhersla er lögð á að hinn sértæki stuðningur efla börnin félagslega og geri þeim kleift að taka þátt í almenna starfinu á eigin forsendum. Sem þekkingarmiðstöð fyrir frítímastarf fatlaðra barna og unglinga er það hlutverk Kringlumýrar að vera leiðandi í frítímastarfi fyrir þennan hóp. Einnig rekur Kringlumýri sértæk úrræði fyrir börn og unglinga með fötlun sem stunda nám í Klettaskóla, frístundaheimilið Guluhlíð og félagsmiðstöðina Öskju.

Í öllu starfi Kringlumýrar er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Þessi ár eru mikilvægt mótunarskeið og því er áhersla lögð á að efla þætti eins og félagsfærni, sjálfsmynd og virka þátttöku með skipulögðum hætti. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Kringlumýri starfar eftir hugmyndafræði „jákvæðrar nálgunar“ og reynslunáms ásamt lýðræðislegri vinnuaðferða.

Starfsáætlanir frístundamiðstöðvanna 2018-2019 eru unnar út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar og Stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Starfsáætlunin


tekur gildi 1. september 2018 og gildir til 31. ágúst 2019. Starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar gera sínar aðgerðaráætlanir út frá þessari starfsáætlun

Helstu áherslur í starfi Kringlumýrar 2018-2019 eru lýðræðisleg vinna með börnum og unglingum, aukin áhersla á Vináttufærni í frístundaheimilum, sértækt hópastarf í félagsmiðstöðvum og aukin áhersla á forvarnarvinnu með foreldrum og öðrum samstarfsaðilum.

Í dag hafa þrjár starfsstöðvar fengið viðurkenningu sem Réttindafrístundarheimili og Réttindafélagsmiðstöð UNICEF. Við erum mjög stolt af þessari viðurkenningu og þeirri vinnu sem Laugarsel, Dalheimar og Laugó lögðu á sig til að ná þessum áfanga. Ætlunin er að vinna enn frekar að innleiðingu lýðræðislegrar vinnu með börnum og unglingum í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðarhverfi og hafa allar starfsstöðvar Kringlumýrar sett sér markmið fyrir veturinn í þeim efnum. Einnig hefur Vináttufærni með börnum í frístundaheimilum verið hluti af starfi frístundaheimila í Laugardal en ætlunin er að Háaleitis- og Bústaðarhverfi taki upp þessar starfsaðferðir í vetur ásamt því að Laugardalurinn fari í enn frekari þróun á þessu ágæta verkefni. Sérstök áhersla verður lögð á sértækt hópastarf í félagsmiðstöðvum þar sem unnið verður með einstaklingum sem þurfa á stuðningi að halda og að þróa enn frekar mælingar á árangri sértæks hópstarfs. Áhersla á forvarnarvinnu með foreldrum snýst um að virka foreldrahópa með okkur í að sporna gegn neyslu og óæskilegrar hegðunar. Ætlunin er að safna upplýsingum um stöðu barna og unglinga í hverfinu og vekja foreldra til umhugsunar ásamt því að stilla saman strengi þegar kemur að útivistartíma og forvarnarverkefnum sem keyrð erum með börnum og unglingum.

Starfsmenn Kringlumýrar munu í vetur vinna að „samskiptasáttmála“ þar sem tekið verður saman hvernig samskipti starfsmenn Kringlumýrar ætla að hafa sín á milli. Þessi sáttmáli er liður í viðbrögðum Kringlumýrar við MeToo byltingunni.

Skipurit Kringlumýrar



Hlutverk og gildi Kringlumýrar

Í starfsskrá frístundamiðstöðva er hlutverk frístundamiðstöðva rammað inn með leiðarljósi, uppeldisgildi og lykilfærni í frístundastarfi sem eru eftirfarandi:

Leiðarljós í frístundastarfi

Virk þátttaka – Reynslunám – Lýðræði – Mannréttindi – Forvarnarstarf

Uppeldisgildi frístundastarfs

Forvarnargildi – Menntunargildi – Afþreyingargildi

Lykilfærni í frístundastarfi

Sjálfsmynd – Umhyggja – Félagsfærni – Virkni og þátttaka

Hver deild Kringlumýrar hefur svo skilgreint hlutverk sitt og innihald þjónustunnar sem veitt er á starfsstöðum hvarrar deildar fyrir sig í út frá þessum leiðarljósum, uppeldisgildum og lykilfærni ásamt stefnu Reykjavíkurborgar og skóla- og frístundasviðs.

Hlutverk sértæka starfsins

- Tryggja öruggt og faglegt umhverfi fyrir börn og unglunga til að vaxa og dafna sem sterka einstaklinga.
- Stuðla að aukinni félagsfærni.
- Stuðla að aukinni almennri samfélagsþátttöku.
- Auka sjálfstraust barna og unglunga.
- Að tilheyra hóp.
- Auka virkni.
- Stuðla að barna- og unglungalýðræði.
- Styðja börn og unglunga til að tjá sig um eigin hagsmuni og efla trú á sjálfsákvörðunarrétti þeirra.
- Áhersla er lögð á gleði og jákvæðni í starfi.
- Stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði.

Hlutverk Unglingastarfs

- Efla félagsfærni unglunga.
- Forvarnir.
- Efla samskiptafærni unglunga.
- Þjálfra lýðræðislega hugsun með lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að vera til staðar.
- Efla sjálfsmynd.
- Skapa umhverfi fyrir óformlegt nám.
- Vinna með reynslu og læra af henni.
- Fræðsla.
- Umhyggja og áhugi.
- Taka mið af þjónustubörf barna og unglunga.
- Stuðla að jöfnuði.
- Eiga í virku samstarfi við foreldra.

Hlutverk Þekkingarmiðstöðvar

- Að stuðla að aukinni virkni og þátttöku barna og unglunga sem þurfa sértækan stuðning og hvatningu í frítímastarfi.
- Hefur yfirsýn yfir málefni barna og unglunga sem þurfa sértækan stuðning og hvatningu í frítímastarfi.
- Fylgjast með framþróun í málaflokknum og innleiða hugmyndafræði, nálgun viðfangsefna og vinnuaðferðir sem við á hverju sinni.
- Sinnir fræðslu og ráðgjöf varðandi frítímastarf til þeirra sem málið varðar.
- Að veita faglegan ramma varðandi frítímastarf fatlaðra barna og unglunga.
- Meta þjónustubörf og úthluta stuðningi til barna á frístundaheimilum og sértækra félagsmiðstöðva.
- Tryggir að sambærilega þjónusta sé veitt börnum með úthlutaðan stuðning í frístundarheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum borgarinnar.

Hlutverk barnastarfs.

- Að efla félagsþroska.
- Að kenna börnum að nýta frístundir á uppbyggjandi hátt.
- Að fagna fjölbreytileika.
- Að veita öruggt umhverfi.
- Að efla sjálfstæði, sjálfstraust, sjálfsvirðingu.
- Að efla náttúru- og umhverfislæsi.
- Að veita umhyggju.
- Að standa vörð um réttindi og velferð barna.
- Að efla lýðræðisvitund barna.

Gildin **fagmennska**, **fjölbreytileiki** og **gleði** voru valin af starfsfólki og stjórnendum Kringlumýrar. Gildin lýsa að okkar mati vel hvað Kringlumýri stendur fyrir og eru lýsandi fyrir starfið sem fram fer á starfsstöðum hennar.

Fagmennska	Fjölbreytileiki	Gleði
- Félagsþroski barna og unglinga eflur með áherslu á félags- og samskiptafærni. - Áhersla lögð á eflingu jákvæðrar sjálfsmyndar og raunverulega virkni og þátttöku. - Starfsfólk kappkostar við að tileinka sér nýja þekkingu til uppbyggingar í starfi. - Unnið eftir settum markmiðum og gildum. - Störfum sinnt af virðingu með trúnað og tryggð að leiðarljósi.	- Leiðandi afl í frítímastarfi með fötluðum börnum og unglingum. - Áhersla á fjölbreyttan starfsmannahóp með ólíkan bakgrunn og færni. - Viðfangsefni við hæfi hvers og eins. - Barna- og unglingalýðræði í hávegum haft með tilstuðlan jafnréttis. - Tökum mið og tillit til ólíkra skoðana og fjölbreyttra samstarfsaðila.	- Viðhorf er val. Veljum okkur gleði og jákvæðni í starfi með bros á vör. - Sýnum umhyggju. - Áhersla lögð á góð mannleg samskipti. - Lærdómur og sköpun í gegnum leik. - Ekkert er svo hátíðlegt að ekki megi hlæja saman.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar (Hvaða þættir starfsins voru metnir?)

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfsmannakönnun	Reykjavíkurborg lagði fyrir miðlæga könnun	Starfsmenn borgarinnar svöruðu um sinn starfsstað	Niðurstöður helstu þátta voru eftirfarandi. Hæfir og áhugasamir starfsmenn fór úr 4,26 í 4,33. Árangursríkir stjórnunarhættir fóru úr 4,25 í 4,47. Starfsánægja stóð í stað 4,58 og Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi fór úr 4,34 í 4,35. Áhyggjur okkar liggja í eftirfarandi þáttum. Vinnuálagi sem fór úr 4,10 í 4,02. Einnig kemur fram að vinnuaðstaða er á niðurleið. Þessir þættir eru til skoðunar í umbótaáætlunum en engin einföld lausn er í sjónmáli.

Umbótaáætlun (fyrir tímabilið 2018-2019)

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning/ ábyrgð.	Endurmat; hvenær og hvernig
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig gerum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið. Ábyrgð hvers?	Hvernig á að meta? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)
Húsnæði Kringlumýrar, Tónabæjar, Álftabæjar, Þróttheima og Glaðheima eru í óviðunandi ástandi.	Komast í viðunandi og myglulaust húsnæði.	Sækja til SEA og USK að húsnæðisvandinn verði leystur.	Sem fyrst. Framkvæmdastjóri	Á viku fresti verður staðan tekin með SFS, SEA og USK
Húsnæði Bústaða og Buskans eru ekki hentug fyrir starfsemi félagsmiðstöðva	Að unnið verði að gerð framtíðar lausna í húsnæðismálum þessara staða	Hefja formelgar viðræður við SFS og SEA um tillögur að úrbótum	Sem fyrst. Framkvæmdastjóri	Gerð verður stöðumat í janúar 2019
Hver starfsstaður er með virka umbótaráætlun út frá starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Hver starfsstaður hefur tekið út þá þætti sem þarf að laga á sínum starfsstað	Hver starfsstaður er með virka aðgerðaáætlun sem deildarstjóri hefur eftirlit með	Frá september 2018 til maí 2019 Deildarstjórar og framkvæmdastjórar	Deildarstjóri metur með stjórnendum staðanna í nóvember 2018 og apríl 2019

Stefnukort frístundahluta SFS 2018-2019

Framsækið og leiðandi frístundastarf

Barnið/ unglingurinn	Félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni	Sjálfsþing: Sterk sjálfsmýnd og trú á eigin getu	Læsi: Skilningur á samfélag og umhverfi	Sköpun og frjó hugsun	Heilbrigði: Heilbrigður lífsstíll og vellíðan
-------------------------	--	--	--	-----------------------------	--

Frístundastarfið	Fjölbreytt og skemmtilegt	Virk þátttaka	Jöfnuður	Forvarnir og lýðheilsa	Fagmennska
------------------	------------------------------	------------------	----------	---------------------------	------------

Mannauður

Bjargir (fjármál, húsnæði, aðbúnaður)

Stefnuþættir, markmið og leiðir 2018-2019

Frístundamiðstöðvar vinna sínar starfsáætlanir fyrir 2018-2019 út frá nýju stefnukorti frístundahluta skóla- og frístundasviðs sem unnið er út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar og Stefnu um frístundabjónustu Reykjavíkurborgar til 2025.

Barnið/unglingurinn			Sameiginleg verkefni
			Sértækt frístundastarfs
			Unglingastarf
			Barnastarf
			Þekkingarmiðstöð
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR	
Félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni	Að auka félagsfærni og samfélagslega virkni barna og unglinga	- Markvist unnið með unglingalýðræði í Öskju. Efla nemendaráð Klettaskóla í samvinnu við skólann og koma á 10-12 ára ráði sem ekki hefur verið til staðar - Koma á samvinnu við Íþróttafélagið Ösp um aukna þátttöku barna og unglinga í skipulögðu í þróttastarfi. - Frístundaheimið Gulahlíð heldur áfram að finna lausnir til að börn með fötlun og stríða við erfið veikindi geti tekið þátt í frístundastarfinu - Sértækt hópastarf verði í félagsmiðstöðvum sem aðstoðar börn og unglinga sem þurfa á stuðningi að halda. - Lögð er áhersla á að þróa enn frekar lýðræðislega vinnu með börnum og unglingum í félagsmiðstöðvum á vegum Kringlumýrar - Halda áfram að þróa lýðræðislega vinnu með börnum í frístundaheimilum. Reynsla Réttindarfrístundaheimila úr Laugardalnum nýtt til framþróunar. - Efla hverfisvitund með verkefninu „Hverfið okkar“. Frístundaheimilin munu virkja börnin í að skoða sitt nærumhverfi og meta hvað er gott og hvað mætti vera betra. Niðurstöður verða kynntar á heimasíðu Kringlumýrar - Innleiða niðurstöðu starfsdags Kringlumýrar um lýðræðislega vinnu með börnum og unglingum. Sjá aðgerðakáætlanir starfsstaða. - Kynna fundagerðir hverfisráða fyrir barna og unglinga/nemendaráðum.	
Sjálfsfelling: Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu	Að efla sterka sjálfsmynd og trú barna og unglinga á eigin getu	- Áhersla lögð á sjálfsmyndarvinnu í Öskju. Starfið tekur mið af almennu félagsmiðstöðvastarfi. - Efla sértækt hópastarf. Greina stöðuna í hverju hverfi og bregðast við út frá því. - Efla þjálfun starfsmanna í sértæku hópastarfi. - Halda áfram að þróa Vináttufærni verkefnið í starfi frístundaheimila sem hafa reynslu af verkefninu og auka samstarf við grunnskóla í því verkefni. - Innleiða Vináttufærni verkefnið í þau frístundaheimili sem ekki eru komin af stað með þau. - Þróa verklag og leiðir í vinnu með börnum af erlendum uppruna í að móta sterka sjálfsmynd og auka félagslega færni.	

STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR
Læsi: Skilningur á samfélag og umhverfi	Efla skilning barna og unglinga á samfélagi og sínu nær umhverfi	- Áhersla lögð á að börn og unglingar í sértæku frístundastarfi hafi sömu tækifæri og jafnaldrar þeirra á að stunda menningarlíf, listir og tómstundariðju. - Auka meðvitunda starfsmanna um mikilvægi eflingar læsis í víðum skilningi og málþroska. Sérstaklega hlúa að unglingum af erlendum uppruna. Tónabær verður í farabroddi í þessari vinnu. - Vinna „Hverfið mitt“ í öllum frístundaheimilum Kringlumýrar þar sem börn skoða sitt nærumhverfi og meta hvað er gott og hvað mætti laga. Niðurstöður kynntar á heimasíðu Kringlumýrar. - Að efla læsi og málskilning í gegnum frístundastarfið, í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöðvar menntamála SFS, til að styrkja þau félagslega. Sérstaklega hlúa að börnum af erlendum uppruna. Álftabær verður í farabroddi í þessari vinnu.
Sköpun og frjó hugsun	Ýta undir sköpun og frjóa hugsun hjá börnum og unglingum	- Að bjóða upp á umhverfi og efnivið sem ýtir undir sköpun í gegnum list-, tækni- og verknám. - Efla List- tækni og verknám með því að bjóða upp á tæki og tól til tónlistarsköpunar og stuttmyndagerðar í félagsmiðstöðvum Kringlumýrar. - Að bjóða upp á umhverfi og efnivið sem ýtir undir sköpun í gegnum list-, tækni- og verknám - Bjóða börnum í frístundaheimilum Kringlumýrar að taka þátt í stuttmyndagerð. - Að bjóða upp á umhverfi og efnivið sem ýtir undir sköpun í gegnum list-, tækni- og verknám.

Frístundastarfið

Sameiginleg verkefni
Sértækt frístundastarf
Unglingastarf
Barnastarf
Þekkingarmiðstöð

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Fjölbreytt og skemmtilegt

Að frístundastarf á vegum Kringlumýrar sé fjölbreytt og skemmtilegt

- Leitast er við að hafa frístundastarfið sem fjölbreyttast og leitað er eftir áhugasviði barnanna og unglinganna sjálfra.
- Leitast er við að hafa frístundastarfið sem fjölbreyttast og leitað er eftir áhugasviði barnanna og unglinganna sjálfra.
- Leitast er við að hafa frístundastarfið sem fjölbreyttast og leitað er eftir áhugasviði barnanna og unglinganna sjálfra.

Virk þátttaka

Ýta undir virka þátttöku barna og unglinga í frístundastarfi

- Kynna fundagerðir hverfisráða fyrir barna og unglinga/nemendaráðum.
- Innleiða niðurstöðu starfsdags Kringlumýrar um lýðræðislega vinnu með börnum og unglingum. Sjá verkáætlun
- Áhersla lögð á að börn og unglingar í sértæku frístundastarfi hafi sömu tækifæri og jafnaldrar þeirra á að stunda menningarlíf, listir og tómstundariðju.
- Markvist unnið með unglingalýðræði í Öskju. Efla nemendaráð Klettaskóla í samvinnu við skólann og koma á 10-12 ára ráði sem ekki hefur verið til staðar
- Frístundaheimið Gulahlíð heldur áfram að finna lausnir til að börn með fötlun og stríða við erfið veikindi geti tekið þátt í frístundastarfinu.
- Koma á samvinnu við íþróttafélagið Ösp um aukna þátttöku barna og unglinga í skipulögðu í þróttastarfi.
- Styrkja ungmennaráð hverfisins með betri tengingu við unglinga/nemendaráðin í hverfunum.
- Sértækt hópastarf verði í félagsmiðstöðvum sem aðstoðar börn og unglinga sem þurfa á stuðningi að halda.
- Lögð er áhersla á að þróa enn frekar lýðræðislega vinnu með börnum og unglingum í félagsmiðstöðvum á vegum Kringlumýrar
- Halda áfram að þróa lýðræðislega vinnu með börnum í frístundaheimilum. Reynsla Réttindarfrístundaheimila úr Laugardalnum nýtt til framþróunar.

Forvarnir og lýðheilsa

Að frístundastarf á vegum Kringlumýrar leggi áherslu á forvarnir og lýðheilsu

- Kringlumýri er hluti af heilsuefandi Reykjavík. Kringlumýri hefur skuldbundið sig í samstarf við stofnanir og félög í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðarhverfi um heilsuefingu íbúa.
- Félagsmiðstöðvar og frístundaheimili í Bústaðarhverfi taki þátt í forvarnarvinnu með skólum og foreldrafélögum hverfisins sem farið var af stað með síðasta vor.
- Koma á samvinnu við Íþróttafélagið Ösp um aukna þátttöku barna og unglinga í skipulögðu íþróttastarfi.
- Boðið upp á hollan mat í sértæku frístundastarfi.
- Takmarka óhollustu í starfi félagsmiðstöðva.
- Hreyfing er fastur hluti af starfi félagsmiðstöðva. Auka aðgengi félagsmiðstöðva að íþróttahúsum.
- Halda fasta fundi með þjónustumiðstöð, skólum og lögreglu um stöðuna í hverfinu og sameiginleg við brögð.
- Bjóða upp á hollan mat í síðdegishressingu frístundaheimilanna og ýta undir umræðu um hollan mat.
- Efla hreyfingu barna í frístundaheimilum KM

Fagmennska

Að allt starf á vegum Kringlumýrar sé faglegt

- Þekkingarmiðstöðin er leiðbeinandi í fræðsluþörfum frístundamiðstöðvanna varðandi málaflokkinn. Er vakandi yfir mögulegum fræðsluþörfum á einstaka starfsstaði.
- Finna leið til að miðla fagupplýsingum á markvissan hátt svo það skili sér í auknu fagstarfi.
- Þekkingarmiðstöðin stendur fyrir reglulegum málstofum varðandi efni tengt málaflokknum.
- Leitast við að hugmyndafræði, markmið, starfsaðferðir og tilgang frítímastarfs án aðgreiningar skili sér í vinnu út á vettvangi.
- Festa í sessi ráðgjöf fyrir almennar félagsmiðstöðvar.
- Kynna frítímastarf án aðgreiningar. Hugmyndafræði, markmið, starfsaðferðir og tilgang.
- Nýta viðmið og vísbendingar um gæðastarf í frístundastarfi SFS til þess að meta valda þætti starfsins í umbótaskyni.
- Vera virk í Austurbæjarlaufunni (samráðsvettvangi stofnanna í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum).
- Innleiða verkferla varðandi meðferð skjala og gagna sem falla til í öllu starfi Kringlumýrar.
- Allir starfsstaðir Kringlumýrar gera samstarfssamninga við grunnskólann sem þeir starfa með.
- Innramat á starfstöðum Kringlumýrar er nýtt til umbóta.
- Niðurstöður R&G eru notaðar við áætlanagerð.
- Halda áfram samstarfi við Háskóla Íslands í þróun á mati á sértæku hópastarfi.

Mannauður

Sameiginlegar leiðir

Sértækt frístundastarf

Unglingastarf

Barnastarf

Þekkingarmiðstöð

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Mannauður

Að mannauðsmál séu
faglega unnin

- Starfsstaðir leitast við að ráða starfsfólk með fjölbreytta þekkingu og hæfileika til að hægt sé að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni í frístundastarfi Kringlumýrar.
- Umbótaáætlanir eru gerðar við foreldra og starfsmannakönnun og niðurstöðum innramats.
- Stjórnendafræðsla fyrir nýja forstöðumenn þróuð áfram.
- Nýliðafraðsla taki mið af stefnu borgarinnar.
- Unnið að **Samskiptasáttmála Kringlumýrar**. Allir starfsstaðir komið að vinnunni.
- Umbótaáætlanir endurspegli stjórnun sem einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi.
- Stjórnendateymi fer yfir stöðu launajafnrétti í Kringlumýri einu sinni á ári.
- Allri nýjir forstöðumenn sitja stjórnendafræðslu þar sem farið er yfir ráðningarferli hjá Reykjavíkurborg.
- Kringlumýri er hluti af heilsueflandi Reykjavík. Kringlumýri hefur skuldbundið sig í samstarf við stofnanir og félög í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðarhverfi um heilsueflingu íbúa.
- Starfsandi efldur með markvissum hætti og tekið mið af samsetningu starfsmannahópsins.
- Efla þjálfun starfsmanna í sértæku hópastarfi.

Bjargir

Sameiginlegar leiðir
Sértækt frístundastarf
Unglingastarf
Barnastarf
Þekkingarmiðstöð

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Fjármál
Húsnæði
Aðbúnaður

**Að fjármál séu innan
ramma. Að
húsnæði sé viðunandi.
Aðbúnaður sé í lagi**

- Farið yfir stöðu fjármála á þriggja mánaða fresti með það að leiðarsljósi að útgjöld stofnana séu innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem á að veita.
- Stöðug rýning tækifæra til að endurskipuleggja með forstöðumönnum staðanna.
- Halda uppgjörsfundi með deilarstjórum við ársfjórðungsuppgjör.
- Að gerð verði úttekt á húsnæði allra starfsstaða Kringlumýrar.
- Að gerð verði úttekt á aðbúnaði starfsstaða Kringlumýrar.

Jafnréttisáætlun Kringlumýrar

Um Jafnréttisáætlun Kringlumýrar

Frístundamiðstöðin Kringlumýri miðar við að allt starf lúti bæði [jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar](#) og [mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#). Jafnréttisáætlun Kringlumýrar er ætluð sem hnitmiðað rit sem snýr sérstaklega að starfi Kringlumýrar. Þar sem starf Kringlumýrar er fjölþætt, þ.e. Kringlumýri er bæði atvinnuveitandi marga auk þess að þjónusta börn og ungmenni, þá er jafnréttisáætlunin víðfeng og eiga atriði þ.a.l misvel við á hverjum stað. Stjórnendur eru hvattir til þess að lesa vel yfir hvert markmið og aðlaga að eigin vinnustað ef þörf er á. Taflan er hinsvegar mjög skýr; henni er skipt niður í 7 markmið sem hvert hefur eigið undirmarkmið. Markmiðunum fylgja aðgerðir sem þarf að fylgja eftir, en ábyrgð á aðgerðum og tímarammi fyrir þær má einnig finna í töflunni.

Lykilatriði í frístundastarfi á jafnréttisgrundvelli er að starfsmenn geri ráð fyrir fjölbreytileika barna. Í því felst að bera virðingu fyrir og mismuna ekki börnum á grundvelli kyns, húðlitar, trúar, fötlunar, heilsufari, kynhneigð, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, uppruna og þjóðerni.

Markmið	Undirmarkmið	Aðgerð	Ábyrgð og Tímarammi
Hvetja til fjölbreytileika í starfi og berjast gegn staðalímyndum.	Starfsfólk sé meðvitað um mögulega birtingu staðalmynda í frístundastarfi og stendur ekki fyrir starfi sem ýtir undir þær. Hvetja til fjölbreytileika og sporna gegn staðalmyndum í starfi s.s. á grundvelli staðalmyndum á grundvelli kyns, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, uppruna, þjóðernis, húðlitar, trúarbragða og félagslegrar stöðu í frístundastarfi	- Fræða starfsfólk um birtingarmyndir staðalmynda og áhrif þeirra.	Forstöðumenn og deildarstjórar. Haust önn.
		Kyngera ekki ákveðin tilboð. Brjóta niður kynbundna afþreyingu. Meta þarf hvern hóp hverju sinni.	Forstöðumenn. Metið í lok annar
		Ræða birtingu staðalmynda í starfinu, samfélaginu og umhverfi barna og unglinga..	Starfsfólk, Forstöðumenn Metið í lok annar
		Vanda val á fræðsluefni og afþreyingu. Bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum, s.s. ólíkum menningarbakgrunni, fötlun... Berjast gegn fordómum með fræðslu og umræðum.	Forstöðumenn Metið í lok annar

Forvarnir gegn kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni meðal starfsfólks og barna og ungmenna.		Fræðsla fyrir börn og starfsfólk. Ath td. Verndum þau, Blátt áfram, Barnahús ofl. Reynt eftir fremsta megni að forðast óöruggar aðstæður fyrir börn og starfsfólk	Deildarstjórar, Forstöðumenn
Viðbrögð við kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni barna og ungmenna.	Tekið faglega á málum sem gætu komið upp	Að allir þekki verkferla um viðbrögð við kynbundnu og kynferðislegu áreiti.	Framkvæmdastjóri, deildarstjórar, Forstöðumenn
Jafnréttisáætlun Kringlumýrar sé virk.	Jafnréttisnefnd sé virk, fái fræðslu, safni upplýsingum og geti miðlað upplýsingum eða veitt ráðgjöf.	Jafnréttisáætlun sé ávalt aðgengileg á heimasíðu og einnig á veggspjaldi eða prentvænni útgáfu	Stjórnendateymi Kringlumýrar.
Bjóða upp á kynlaus salerni.		Óska eftir kynlausum salernum í gegnum nýframkvæmdir starfsstaða.	Framkvæmdarstjóri, fjármálastjóri og deildarstjórar. Áætlun til þriggja ára
Jafnræði í úthlutun verkefna	Gæta jafnræðis í úthlutun á auknum verkefnum, yfirvinnu osfrv.	Kerfisbundið eftirlit gagnvart t.d. yfirvinnu. Útfært á hverri starfseiningu.	
Allt starf lúti að jafnréttisáætlun Kringlumýrar sem og mannréttindastefnu Rvk.	Allir starfsmenn þekki jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.	Gátlisti (aðlagaður á hverri starfseiningu) Jafnréttisáætlun endurskoðuð á hverju ári og ritað um í ársskýrslu Kringlumýrar. Kynning á bæði jafnréttisáætlun og mannréttindaáætlun.	
Passa upp á orðræðu í samskiptum við börn og heimili.		Tala um foreldra í stað mömmu og pabba Nota börn og unglingar í orðræðu í stað stelpur og strákar/kynbundinnar flokkunar.	